

Hugsjónir og hyggindi.

Mennirnir eru samsettir aðallega af tveim andstæðum. Mætti nefna þær hið andlega eðli og hið veraldlega. Þegar ákveðinni þroskahæð er náð, birtist þetta áberandi í fari manna. Þá er það engu líkara en að þessir tveir þættir berjist um völdin og það er svo í raun og veru. Þá ber oft á þessu, sem mætti nefna tvíeðlið í manningum. Og að öllum líkindum losnar hann ekki við þetta til fulls fyrr en hann er kominn á síðasta þrepið í stiga þróunar. Það er af þessum ástæðum að stöðug barátta á sér stað í heiminum, sem er barátta á milli þessara tveggja þátta og birtist hún í mismunandi sterkum myndum eftir því á hve hátt stig þróunin er komin. Á frumstigum þróunar ber mjög lítið á þessu, því að þá eru einstaklingarnir allflestir algerlega bundnir efninu, hinum ytri heimi, jarðríki og viðjum þess. Þar kemur þessi barátta ekki jafnákveðið til greina og síðar, þegar þróunin er lengra á veg komin. Þó geta nokkrir einstaklingar orðið varir við þessi fyrirbrigði, vegna þess að þeir eru raunverulega á undan öllum samferðamönnum sínum og eiga að vissu leyti ekki samleið með þeim, en verða þó að fylgjast með þeim af nauðsynlegum ástæðum. Þeir eru sem sé forystumenn þeirra að nokkru leyti og leiðbeinendur, því að þeir hafa að miklum mun meiri reynslu yfir að ráða en allur fjöldinn. Miðað við allan fjöldann verður eigi verulega vart við þessi fyrirbrigði nema hjá einstöku persónum og þessi reynsla þeirra verður eigi annað en persónuleg eign þeirra, því að hún getur eigi birt í því almenna lífi, eins og þróuninni er þá komið.

En það, sem er reynsla einstaklinga á frumskeiðum þróunar, verður almennt fyrirbrigði á síðari skeiðum hennar.

Nú á tímum, þar sem þróunin er svo áberandi hraðfara, er næsta eðlilegt að miklu meira beri á þessu en áður átti sér stað.

Nálega hvert sem vér lítum, ber mjög á þessu fyrirbrigði. Og upp af því vex togstreita á milli þeirra, sem hafa í sér ríkt eðli annars hvors hinna fyrnefndu þátta - hins andlega og hins veraldlega.

Mér finnst því rétt að athuga þessi fyrirbrigði nokkru nánar og reyna að skýra þau, ef auðið er.

Það má með sanni segja, að nútíminn sé öld félagsskaparins og samvinnunnar. Félög eru mynduð í alls konar tilgangi, bæði andlegum, hugsjónalegum og veraldlegum eða verklegum.

Það er mjög áberandi, hvað viss flokkur manna leggur mikið kapp á að komast í ráðendastöður í félögum og það eru einmitt þeir mennirnir, sem virðast minna hæfir til verka en aðrir, sem um væri að velja. Slíkir menn mynda utan um sig hóp manna, sem þeir nota sér til stuðnings til valda og reyna svo allt til þess að halda völdunum og beita til þess öllum meðölum, hvort sem nothæf eru eða ekki. Takist þeim nú ekki að koma sér í sessinn, ráðast þeir að baki þeim, sem í stjórnarsætum sitja og rægja þá á alla lund, og ef það dugar ekki, þá gerast þeir beinir uppivöðslumenn, ófyrirleitnir lögbrjótar og uppreistarmenn. Séu þeir í sýnilegum minni hluta nota þeir hin síðasttöldu meðöl. Þeir vekja alls konar óróa og þvælast fyrir þeim, sem eiga að sjá um framkvæmdirnar. Þetta á sér stað. í mörgum greinum andlegrar og verklegrar viðleitni.

Í stjórnámálum kemur þetta berlega í ljós í glímu þeirri, sem á sér stað á milli einræðisstefnanna annars vegar og lýðræðisins hins vegar. Einræðisstefnurnar halda á lofti

ótakmörkuðum rétti ríkisins yfir einstaklingunum og halda því fram, að allt eigi að beinast að því að efla vald þess, og því sé nauðsynlegt að fá einum manni í hendur valdið yfir öllu því, sem gert er í ríkinu og undir vernd þess og umsjá. Vald þetta verði að vera ótakmarkað einræði. Með þessu er réttur einstaklingsins gerður eins lítill og takmarkaður og auðið er. Hann er aðeins verkfæri í höndum einvaldansins. En afleiðingarnar fara svo eftir því, hverjir hlut eiga að máli. - Lýðræðið gerir ráð fyrir því að frelsi einstaklinganna sé viðurkennt grundvallar-atriði undir tilveru ríkisheildarinnar og að það megi sem minnst takmarka og auðið er, því að framtíðarmenningu sé eigi unnt að byggja og reka til langframa nema á þessum grundvelli. Þar gildir reglan: Frjálsir þegnar í frjálsu landi.

Í alþjóðastjórnsmálum birtist þetta greinilega í átökum þeim, sem nú eru uppi í heiminum. Lýðræðisþjóðirnar annars vegar og einræðisríkin hins vegar. Í raun og veru hefir allt einstaklingsframtak verið takmarkað og lamað í einræðisríkjunum svo, að fáein stórfyrirtæki eru nú starfandi eftir fá ár, en hundruð þúsunda jafnvel horfið úr sögunni og sum þeirra stór, jafnvel milljónafyrirtæki. Þegar allt hefir verið mergsogið, þá kemur einnig röðin að þeim fáu, sem eftir standa og þá verður einnig tekið frá þeim það, sem þau höfðu nælt saman. En á réttlausum öreigalyð verður engin framtíð byggð, hvorki andleg né veraldleg.

Sameignarríkið eða ríki öreiganna hefir um skeið verið rekið í Rússlandi og átti uprunalega að koma í stað einveldisins, sem þar hafði ríkt um árhundruð. En þrátt fyrir góðan tilgang hefir árangurinn orðið allur annar en til var ætlast, því að þar ríkir í raun réttir einveldið enn og er í höndum fárra manna, sem hafa sameign að slagorði, en hafa aldrei viljað eða getað komið þeirri hugsjón í framkvæmd. Enda er á því enginn vafi, að stór milljónaþjóð, sem lifað hefir undir einræði í árhundruð, verður eigi gerð að lýðræðisþjóð á fáum árum.

Eins og ég benti á í byrjun þessa máls, þá má finna tvær nálega gagnólíkar hliðar samtímis í sama manni, þá lægri og æðri, eða þá andlegu og veraldlegu. Nú á tímum ber mjög á þessu. Mennirnir skiptast í tvo flokka í þessu tilliti. Er annar flokkurinn andlegur, ef svo mætti að orði komast, en hinn veraldlegur. Til þess að geta áttað sig á því, sem ég í raun og veru á við, verð ég að skilgreina þetta nokkru nánar.

Það er sagt að nú sé skammt öfganna á milli og er það víst hverju orði sannara. Til er flokkur manna, sem eru sannfærðir um, að þeir séu farnir að lifa andlegu lífi. Þess vegna mega þeir ekki vera samvistum við þá, sem eigi eru að þeirra álitni komnir jafnlangt í andlegleika. Þeir verða að hafa sem allra minnst afskipti af öðrum en þeim „útvöldu“, því að almenningurinn sé ekki nægilega hreinn til þess að unnt sé að nálgast hann. Í augum slíkra og þvílíkra manna verða jafnvel sæmilegir menn og siðferðisgóðir á almenna vísu skoðað ekki nógu hreindir og geta því eigi notið fylgdar þessara andlegu „burgeisa“. Veraldleg viðfangsefni eru óhrein og þeir mega ekki nálgast þau, því að það er ekki í samræmi við líf þeirra og viðleitni.

Á hinn bóginn eru þeir, sem „hafa magann fyrir sinn guð“ og vilja ekkert viðurkenna nema það, sem þeir telja sig geta séð og þreifað á. Veraldleg viðfangsefni eru þeirra heimur og engin verðmæti eru til nema þau, sem „verða látin í askana“. Ýmsir þessara manna neita blátt áfram öllu, sem þeim finnst ekki vera í samræmi við lífsskoðun sína og segja allt hindurvítni og heimsku, sem er af öðru sauðahúsi. Líka leið feta þeir meðal hinna hátrúuðu, sem neita

öllu jafnákveðið og efnishyggjumennirnir og bæta því oft við, að allt sem þeim finnst ekki vera í samræmi við trú þeirra, sé blátt áfram ósannindi eða komið beina leið frá hinum vonda.

Allt eru það öfgar, sem þessir flokkar manna halda fram, og eru að vorum dómi allir ennþá mjög langt frá hinni réttu leið og geta þar af leiðandi eigi greitt úr viðfangsefnum veraldarinnar, eins og best gefast vitnin nú, ef vel er að gáð. Það má segja, að þeir séu annað hvort of langt til hægri eða til vinstri og hafi eigi komið auga á hinn gullna meðalveg.

Og hvers vegna gerist þetta? Vegna þess að annar hvor þátturinn er of ríkur í mönnum, sá andlegi eða sá veraldlegi, eða með öðrum orðum, annar hvor þátturinn kæfir hinn og hann fær eigi notið sín á eðlilegan hátt. Og þetta er aftur sönnun fyrir því, að ákveðnu jafnvægi í þroska er enn eigi náð.

Þessir tveir sterku þættir í mönnum, það, sem ég nefni í þessu sambandi hið andlega og veraldlega, eru jarðvegur sá, sem hugtök þau vaxa upp úr og táknuð eru í fyrirsögn þessa greinarkorns : Hugsjónir og hyggindi.

Í félagslífinu birtast ókostir þeir, er ég hefi bent á, vegna þess að hinn veraldlegi þáttur er eigi nægilega slápaður og taminn. Menn ætla sér meira en þeim er í raun og veru auðið. Menn sækja áfram og lengra en áunnir hæfileikar geta stutt þá. Hið grófa í fari þeirra rekur þá áfram, en rekur sig oft og tíðum fljótlega á hindranir, vegna þess að hyggjuvitið var eigi nægilega þroskað og þar af leiðandi eigi unnt að beita því, svo að allt gæti farið vel. Þar vilja menn nota vegtyllur til þess að fylla í eyður verðleikanna, en mistekst ætíð og ævinlega.

Sama fyrirbrigðið á sér stað í stjórnámálum. Menn lofa og lofa, halda á sér uppboð, til þess að komast í opinberar vegtyllur, geta svo oft og tíðum ekki fullnægt, þegar til efdanna kemur, og þá er verr farið en heima setið og hið raunverulega gildi verðleikanna óx ekki, heldur jafnvel rýrnaði, vegna þess að í upphafi var endirinn ekki nægileg ljós og tiltrúin missti tökin.

Einræðið starblíndi á hernaðarvaldið og yfirráðadýrðin blindaði augu þess og ríkið átti allan rétt, eneinstaklingarnir, sem ríkið mynda og móta, voru píndir og gerðir einkis virði og sá heilbrigðislegi, siðferðislegi og andlegi grundvöllur, sem ríkið átti að hvíla á, varð mergsoginn og hismið eitt, gersamlega óhæfur til þess að bera þunga byggingarinnar.

Þessu lík verður útkoman hjá þeim, sem eru orðnir svo hreinir og andlegir, að þeir mega hvergi við koma af hræðslu við það, að eitthvað óhreint loði við þá, hafa gleymt því, að án hyggjuvits og rétrar þekkingar á meðferð hinna jarðnesku verðmæta geta þeir í raun og veru aldrei náð fullum tókum á viðfangsefnum hins innra og andlega lífs. Þeir ætla fyrir tímann að hlaupast frá námsatriðum, sem nauðsynlega þarf að fást við áður en lengra er haldið. Á meðan menn kunna ekki sæmileg skil á réttri meðferð jarðneskra fjármuna og verðmæta og skynja ekki hið raunverulega gildi þeirra, er engin von til þess að þeir geti leyst viðfangsefni hinna æðri veralda.

Það er að vorum dómi til marks um andlegleika manna, hve vel og skynsamlega og heiðarlega þeim takast viðskiptin við meðbræður sína hér á jarðríki.

Því má spyrja:

Halda þeir skuldbindingar sínar og yfirlýsingar?

Greiða þeir skuldir sínar án þess að það þurfi að knýja þá til þess með áminningum eða jafnvel með þvingunum? Gera þeir það óbeðið eða eins og um helga skyldu væri að ræða? Og gera þeir þetta jafnvel og fúslega hvort sem nánustu vandamenn eiga í hlut, samborgarar þeirra eða ríkið?

Eru þeir ævinlega boðnir og búnir til þess að gera gagn, jafnvel þó að þeim verði aldrei þakkað það og þó að þeir eigi í vændum hnjóð og álas í laun?

Kunna þeir að gefa og gefa viturlega og skilja þeir það, hve mikil ábyrgð fylgir því að gefa svo að fullt gagn verði að, en enginn skaði?

Sá, sem getur afdráttarlaust svarað þessum spurningum játandi er kominn góðan spöl í áttina til þess, að vera fær um að nálgast hin andlegu verðmæti og læra að meðhöndla þau.

Andstæðurnar, sem ég vék að í upphafi máls míns, hið andlega og veraldlega, eða ávöxtur þeirra, sem á að koma í ljós, hugsjónir og hyggindi, má segja að geti ekki notið sín hvert í sínu lagi, enda hefi ég verið að reyna að benda á það hér að framan í athugunum þeim, er ég gerði um félagslíf, stjórnmal og alþjóðaviðfangsefni.

Þegar þróunin er komin vel á veg birtast þessi fyrirbrigði einmitt sem andstæður, en tilgangurinn er sá, að þær eigi að renna saman í eina heild eða að verða í svo náinni samvinnu, að ósamræmi sé með öllu útilokað.

Hugsjónamaðurinn er hlaðinn hugmyndum og hugsjónum, en þegar til framkvæmdanna kemur vill honum oft og tíðum fatast, því að hyggindin voru ekki að sama skapi þroskuð og hugsæishæfileikinn, og því fer oft illa um framkvæmdirnar. Á þetta rót sína í því að hagkvæm hugsun er eigi nægilega þroskuð hjá honum. Athugi menn framkvæmdir ýmissa nýmæla, kemur þetta berlega í ljós. Fullkomin og skörp heildaryfirsýn í framkvæmd verka verður að koma til greina, ef unnt á að vera að koma hugsjóninni í heppilega og staðgóða framkvæmd. Þetta verður ekki þroskað nema með náinni þekkingu og fullkominni reynslu í meðhöndlun jarðneskra verðmæta. Og jarðnesku verðmætin verða eigi að fullu gagni og til frambúðar, nema að hugsjón og andleg, óeigingjörn viðleitni sé driffjöðrin, sem liggur á bak við framkvæmdina. Hvorugur þátturinn getur án annars verið, ef vel á að fara.

Til þess að unnt sé að leysa öll vandamál mannanna, verður þessi samruni að fara fram, því að allt líf, á öllum stigum þess, æðri og lægri, er í eðli sínu jafn guðdómlegt og jafn andlegt, einnig þeir hlutar þess, sem við nefnum í skammsýni okkar hið grófa og sauruga, veraldlega líf í þess lægstu myndum, því allt er hreinum hreint. Það á allt sínar eðlilegu orsakir og tilgang. Og þetta verða menn að skilja til hlítar, ef þeir eiga að verða þess megnugir að leysa hin æðstu vandamál andans.

JÓN ÁRNASON prentari.